



# **Fundargerð félagafundar SOS**

## **4. janúar 2023**

**Staður:** Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

**Dagsetning og tími:** 4. janúar 2023 kl. 13:00.

### **1. Setning fundar**

Anton Kári Halldórsson, formaður stjórnar SOS, setur fundinn kl. 13:00.

### **2. Kjör fundarritara**

Formaður stýrir fundi.

Formaður tilnefnir frá Hveragerðisbæ Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

### **3. Lögmæti fundarins**

Formaður gerir grein fyrir mætingu á fundinn. Alls eru 9 kjörgengir fulltrúar mættir til fundar: Árni Eiríksson fyrir Flóahrepp, Bragi Bjarnason fyrir Árborg, Ása Valdís Árnadóttir fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp, Eggert Valur Guðmundsson fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu (Rangárþing ytra, eystra og Ásahrepp), Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir fyrir Hveragerðisbæ, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson fyrir Bláskógabyggð, Elliði Vignisson fyrir Ölfus, Haraldur Þór Jónsson fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Aldís Hafsteinsdóttir fyrir Hrunamannahrepp. Fundurinn því lýstur lögmætur.

### **4. Orkugerðin ehf. – Tillaga um kaup vegna aukningar hlutafjár**

Formaður fer yfir þegar samþykktu aukningu hlutafés í Orkugerðinni ehf. frá 25. nóvember sl. vegna áætlaðra fjárfestinga í stækkun húsnæðis og kaupum á nýjum búnaði til að auka afköst og svara þannig aukinni eftirspurn vinnslu og afurða og tillögu stjórnar til kaupa á hlutafé í félaginu, en stjórn lýsti á fundi sínum þann 12. desember 2022 yfir áhuga á að kaupa það hlutafé vegna hlutafjárukningarinnar sem verður ekki selt til fyrirhugaðra kaupenda utan hluthafahópsins til þess að viðhalda eignarhlut sínum í hlutfalli við aðra eigendur og boðaði af því tilefni til fundar þessa.

### **Formaður ber upp eftirfarandi tillögu fyrir fundinn:**

Stjórn SOS leitar samþykkis aðildarsveitarfélaga sorpstöðvarinnar til að kaupa hlut í félaginu Orkugerðin ehf. fyrir 24.552.000 kr. auk vaxta, en það er fjárhæðin sem til þarf til þess að viðhalda eignarhlut SOS í hlutfalli við aðra eigendur Orkugerðarinnar.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Elliði Vignisson, Eggert Valur Guðmundsson, Bragi Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Fjóla St. Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Guðmundsson og Ásta Stefánsdóttir taka til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og er samþykkt með 8 atkvæðum. Eggert Valur Guðmundsson, Sorpstöð Rangárvallasýslu, greiðir atkvæði með tillögunni með fyrirvara um samþykki stjórnar Sorpstöðvar Rangæinga. Elliði Vignisson, Ölfusi, greiðir atkvæði gegn tillögunni með þeirri skýringu að hann teldi eðlilegra að fela einkaaðilum aukið hlutverk í sorpumsýslu frekar en að sveitarfélögin verji stöðu sína.

## 5. Önnur mál

Fleiri mál ekki á dagskrá.

Fundurinn felur fundarritara að ganga frá fundargerð.

Fundi slitið klukkan 13:50